

Efnaeiming ehf.  
Völuteig 8  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 25. október 2019  
UST201910-230/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Áform um áminningu og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 24. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 19. júní 2019.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óheimilt er að hefja atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út eða hann ekki skráður hjá Umhverfisstofnun. Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir skal vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag hafs – og strandsvæða.

**Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 15. október sl. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist tímasett áætlun um úrbætur. Stofnunin áformar því að áminna rekstraraðila, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 8. nóvember nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.**


Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [frigg.thorlacius@ust.is](mailto:frigg.thorlacius@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
Sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis